

III. KAFLI Almenn ákvæði.

15. gr.

Náttúrufræðingum og aðstoðarmönnum þeirra, sem stunda almennar náttúrufræðisóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugrip sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti sem áður voru ókunn og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru.

Náttúrugripur má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

16. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa með ríkisaðild.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Um leið falla úr gildi lög nr. 48/1965, um almennar náttúrufræðisóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessara laga skal stofnað setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun 1993. Jafnframt skal að því unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns og að fylgt sé ákvæðum í reglugerð, sbr. 4. gr.

2. gr.

Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminjum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.

3. gr.

Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa tilefni til.

4. gr.

Í reglugerð, sem umhverfisráðherra setur að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs, skal mælt fyrir um hver skilyrði ábúanda, sbr. 3. gr., skuli sett, m.a. um skyldu til að tilkynna hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra, eftirlit með brennu og annað sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.

Skýlt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds.

Sá sem verður þess var að eldur er laus á víðavangi skal svo fljótt sem auðið er gera aðvart umráðamanni lands eða hlutaðeigandi yfirvaldi.

6. gr.

Sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé ber fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.